


Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athugist á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Samþykkt
15 JÚNÍ 2016
Byggingarfulltrúi

Upprunalegur hönnuður: JDA

**Erindi:**

Sótt er um leyfi til þess að byggja 350m² Iðnaðarhús á landi Yrpuholts í Flóahreppi. Notkun byggingarinnar verður véla og verkfærageymsla.

**Byggingarlýsing.**

**Burðarvirki:**
Járnbent steinsteypa í undirstöðum, neðsta gólfi og forsteyptum einingum í útveggi. Stálbitar og stálsúlur í millilofti. Límtrésbitar og stífingarkrossar í þaki.

**Útveggir:**
Forsteyptir samlokuveggir eru byggðir upp á 150 mm burðareiningu úr steinsteypu, 100 mm plasteinangrun og 70 mm veðurkápu úr steinsteypu. Einingarnar eru reistar á staðsteyptan sökkul, steyptar saman og steyptar ofan í plötu.

**Þak:**
Límtrésþak er stólað upp á burðarveggi, boomerangbitar settir innan á steypta útveggi. Límtréslangbönd eru á milli boomerangbita. Halli þaks er 12 gráður. Ofan á langbönd í þaki koma ST-173 steinullareiningar. Litur eininga er RAL7038 að utan en RAL9002 að innan. Halli þaks er 12 gráður.

**Innveggir:**
Léttir innveggir eru hefðbundnir gipsveggir á blikkgrind. Votrýmisveggir eru úr 75mm veggjagrind með steinullareinangrun klæddir með 2 x 13mm rakaþolnum gipsplötum. Allar klæðningar innanhúss eru í flokki 1.

**Gólf:**
Botnplata einangruð með 100mm plasteinangrun og hvílir á þjappaðri fyllingu. Gólfhitalagnir eru steyptar ofan á botnplötu.

**Gluggar:**
Allir gluggar eru gráir (RAL 9007) álgluggar. Opnanleg fög og hurð eru með opnunarstillingum til útloftunar.

**Lagnaleiðir:**
Neysluvatnslagnir eru álpex rör með 14db hljóðeinangrandi plasti. Kaldavatnslagnir eru lagðar undir plasteinangrun í botnplötu, en heitavatnslagnir eru steyptar í botnplötu. Lagnagöt eru á sökkul vegg fyrir inntök og fráveitulagnir frá húsinu. Fráveitulagnir tengjast 2800 lítra rotþró sem staðsett er um 50 metra frá suðvesturhorni byggingarinnar.

**Loftræsing:**
Náttúruleg loftræsing í gegnum opnanleg fög í glugga.

**Eldvarnir:**
Tvær óháðar flóttaleiðir eru úr byggingunni um inngönguhurðir. Neyðarlýsing verður fyrir ofan inngönguhurðir. Slökkvitæki og eldvarnarteppi verða við inngönguhurð á suðurgafli. Reyklosun verður um þakglugga í miðju geymslurýminu. Í byggingunni verður brunaviðvörunarkerfi með úthringibúnaði, og slöngukefli (20m) verður sett upp milli iðnaðarhurðar og vinnuborðs.

**Aðkoma, lóðarlýsing og gróður:**
Innkeyrsla er við Villingaholtsveginn. Þaðan er malarvegur að byggingunni, við bygginguna er athafnasvæði lagt með möl og við suð-vestur horn byggingarinnar eru þrjú bílastæði. Trjágróður verður meðfram vegum og girðingum.

U-gildi (W/m²K) einstakra byggingahluta er sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Þak | 0.25 |
| Útveggir, forsteyptar einingar | 0.4 |
| Hurðir | 3.0 |
| Gólf | 0.3 |

Raungildi (W/m²K) samkvæmt varmatapsútreikningi er sem hér segir:

| | |
|---|---|
| m² x (W/m²K) útveggir, gluggar og hurðir | 223(W/K) |
| Vegið meðaltal útveggir/gluggar/hurðir | 0,713 W/m²K |
| Fermetrar húss | 350 m² |
| Heildarvarmatap á fermetra húss | 1,007 W/m²°C |

Stærð lóðar er 1018212m²

Brúttó flatarmál hússins er 350m²
Brúttó rúmmál hússins er 1766,1m3

NH: 0,000343

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 02 | Þakhalla breytt, breytingar á útveggjum og þaki. | 07.09.2016 | JDA | JDA |
| Útg. | Skýring / Breyting. | Dags. | Teiknað | Yfirfarið |

Haraldur Jónsson
VERKKAUPI / EIGANDI

**Iðnaðarhús**
TEGUND VERKS

Yrpuholt, Flóahreppi.
GATA/STAÐSETNING

Afstöðumynd

| | |
|---|---|
| LANDNÚMER: | 166352 |
| STAÐGR.: | 8722-6-00039000 |
| MHL: | 01 |
| MKV.: | 1:500 |
| BLAÐSTÆRÐ: | A2 |
| ÚTGÁFA DAGS: | 08.08.2016 |
| TEIKNAÐ: | JDA |
| YFIRFARIÐ: | GBV |

**00-14** VERKNR.

**100** - 02
RAÐNR. ÚTGÁFA

TRÍPÓLÍ


Jón Davíð Ásgeirsson FAÍ
kt: 250280-5729

**TRÍPÓLÍ** | ARKITEKTAR
Klapparstígur 16 | 101 Reykjavík | S: 6929883 | jon@tripoli.is | www.tripoli.is



© **TRÍPÓLÍ | ARKITEKTAR**
ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA


8880